

## Áríðandi félagsfundur Skaftfellingafélagsins

Boðað er til áríðandi félagsfundar í Skaftfellingabúð fimmtudaginn 9. febrúar 2006, sem hefst kl. 20. Fyrirhugaðar eru viðamiklar og fjárfrekar endurbætur utanhúss (þ.e. þak, gluggar og klæðning). Einnig hefur borist fyrirspurn frá öðrum eigendum hússins um kaup á eigninni. Stjórn félagsins vill því ræða þessi mál við félagsmenn, en samkvæmt 9.gr. laga félagsins ber að halda félagsfund ef upp koma stórmál sem þessi.

Viljum við því hvetja alla áhugasama félagsmenn að koma til fundar og ræða þessi brýnu mál.

Stjórnin.

## Myndakvöld

Fyrirhugað er að halda seinna myndakvöld vetrarins fimmtudagskvöldið 6. apríl nk. kl. 20 í Skaftfellingabúð.

Þá mun Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður sýna myndir sem hann tók í sumargöngu sinni frá Reykjanestá að Fonti, annesja á milli, sem hann fór síðastliðið sumar.

Aðgangur ókeypis.

Seldar verða léttar veitingar í hléi.



Tveir glaðbeittir snjóhúsasmiðir á Höfn  
Gísli Þórarinn og Sigurður Guðni 16.1.2006

## Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur, s. 863 2087 og Skúla Oddssonar s. 864 3415.

## Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: [skaftfellingar@simnet.is](mailto:skaftfellingar@simnet.is) Það væri ótvíræður kostur ef hægt væri að draga úr fjárútlátum vegna útgáfu fréttabréfsins og senda það þess í stað í „pdf“ skjali til félagsmanna. Þá hefur um nokkurt skeið verið á döfinni að útbúa heimasíðu þar sem leita má fréttu af félagsstarfinu í máli og myndum. Það verður nánar auglýst ef af verður.

# Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. tbl. janúar 2006

Endursendist með upplýsingum um  
nýtt pósthafang ef viðtakandi er fluttur

• **Félagsfundur**  
9. febrúar 2006  
kl. 20:00

• **Spilakvöld**  
25. janúar 2006  
8. febrúar 2006  
22. febrúar 2006

• **Íslandsmeistar-  
mót í Hornafjarðar-  
manna**  
27. janúar 2006

• **Þorralót**  
**Hornfirðinga**  
28. janúar 2006

• **Skaftfellsk messa**  
**í Breiðholtskirkju**  
19. mars 2006

• **Myndakvöld**  
6. apríl 2006

• **Frásögn úr bókinni**  
**Þorralót á Íslandi**  
eftir Árna Björnsson

• **Skálm**  
Miðvikudaga kl. 19:30  
Laugardaga kl. 11:00

# Þorralót

Skaftfellingafélagsins verður haldið  
**laugardaginn 4. febrúar 2006**

í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178  
og hefst kl. 20:00.  
Húsið opnað kl. 19:00.

Veislustjóri

Bjarni Harðarson blaðamaður

Söngfélagið flytur nokkur lög undir stjórn Violetu Smid

Glæsilegt þorrahlaðborð að vanda.

Hljómsveitin Nefndin frá Fellabæ  
leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu.  
(Nefndin hefur ævinlega haldið uppi gríðargóðri stemningu  
á skaftfellskum dansleikjum undanfarin ár)

Miðapantanir til 1. febrúar hjá  
Skúla, s. 864 3415  
Guðrúnu, s. 897 6382  
Laugu, s. 891 7354

Aðgangur kr. 3.800  
Eftir borðhald kr. 1.200

## Stjórn félagsins 2005 - 2006

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	844 3404
Fanney Magnúsdóttir		820 2895
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354
Varastjórn		
Guðrún B Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177
Páll Pétursson	534 2420	824 0059
Rafn Stefánsson	568 3623	

## Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skaftfellingafélagið standa fyrir sameiginlegum spilakvöldum á nýju ári. Spiluð verður framsóknarvist í Skaftfellingabúð eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:15.

25. jan. – 8. feb. – 22. feb.  
Kaffiveitingar. Verð kr. 700.

## Skaftfellingamessa

Prestar Breiðholtskirkju og Skaftfellingafélagið standa fyrir guðspjónustu í Breiðholtskirkju sunnudaginn 19. mars nk. klukkan 14:00.

Núverandi og fyrrverandi sóknarprestar frá Vík og Kirkjubæjarklaustri ásamt prestum Breiðholtskirkju, þeim sr. Gísla Jónassyni og Bryndísi Möllu Elíadóttur (áður þjónandi í Vík og Klaustri) sjá um messuhald ásamt söngfólki úr kirkjukórum frá Vík og Klaustri og Söngfélagi Skaftfellinga. Kaffi og kökur í safnaðarheimili að messu lokinni.

Skaftfellingar eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti.



Breiðholtskirkja í Mjódd

## Skálm

Enn verður skálmað á...  
**laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)**  
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**  
Héðan í frá verða kvöldgöngurnar á miðvikudögum farnar frá Víkingsheimilinu í Fossvogsdal. Uppl. s. 891 7354.

**Næstu göngur verða sem hér segir:**

- 28.1: Grafarvogur – sundlaug
- 1.2: Víkingsheimili
- 4.2: Laugardalur - sundlaug
- 8.2: Víkingsheimili
- 11.2: Heiðmörk–Furulundur
- 15.2: Víkingsheimili
- 18.2: Vífilstaðir
- 22.2: Víkingsheimili
- 25.2: Hvaleyrarvatn
- 1.3: Víkingsheimili
- 4.3: Kringum Úlfarsfell (frá skógrækt)
- 8.3: Víkingsheimili
- 11.3: Heiðmörk–Furulundur
- 15.3: Víkingsheimili
- 18.3: Grafarvogur – Egilshöll
- 22.3: Víkingsheimili
- 25.3: Hvaleyrarvatn
- 29.3: Víkingsheimili
- 1.4: Heiðmörk–Furulundur
- 5.4: Víkingsheimili
- 8.4: Kringum Úlfarsfell (frá skógrækt)
- 12.4: Víkingsheimili
- 15.4: Heiðmörk–Furulundur
- 19.4: Víkingsheimili
- 22.4: Grafarvogur – Egilshöll
- 26.4: Víkingsheimili
- 29.4: Hvaleyrarvatn
- 3.5: Víkingsheimili
- 6.5: Heiðmörk–Furulundur



Skálmara: Gunnþóra, Jóna, Kolla og Lauga Mynd: Kristinn Kj.

## Þorrablót endurvakin í kaupstöðum

Ekki verður betur séð en þorrablót með því nafni hafi að mestu legið niðri í kaupstöðum landsins á fyrri hluta 20. aldar. Það er engu líkara en þessi síður, sem hófst í þéttbýlinu seint á 19. öld, hafi þótt verða „sveitó“ í hinum ört vaxandi bæjum, þar sem ýmsar erlendar nýjungar fönguðu hugann á þessu tímabili. M.a. breyttust matarvenjur mikið með síauknu framboði á innfluttum matvörum, ekki síst fjölbreytilegri korntegundum og kryddi. Útbreiðsla eldavéla með bakarofnum og síðar íshúsa bauð sömuleiðis nýja kosti við matseld. Þar að auki hlaut skemmtanalífið að taka verulegum breytingum með fjölgun samkomuhúsa, tónlistarmanna og annarra skemmtikrafta.

Það leið hins vegar ekki á löngu, uns aðfluttur kaupstaðarbúar úr sama byggðarlagi reyndu að mynda samtök og hittast á árlegum mótum. Þegar árið 1914 má í febrúarmánuði sjá auglýst Vestfirðingamót, Norðlingamót og samsæti Árneseinga og Rangæinga á Hótel Reykjavík. Elstu áttthagsamtökin í Reykjavík munu þó vera Austfirðingafélagið, sem telst stofnað 1904 og starfar enn, þótt önnur samtök fólks af Austurlandi hafi seinna komið til sögunnar. Aðalverkefni þess var að efna til árlegrar miðsveitarsamkomu, sem í fyrstu var ýmist kölluð Austfirðingasamsæti eða Austfirðingakvöld, en frá 1910 Austfirðingamót.

Öll þessi samtök virðast því í fyrstu bundin við stóra landshluta, nánast landsfjórðunga, sem er ofurskiljanlegt í aðeins 10-15 þús. manna bæ.

Norðlingamótið breyttist fljótt í Norðlend-ingamót og var jafnan haldið á sprengidag. Það hélt velli langt fram á fimmta áratuginn, þótt áttthagafélög einstakra héraða nyrðra væru fyrir löngu komin á laggirnar.

Í auglýsingunni um Vestfirðingamótið 1914 er tekið fram, að það sé haldið á þorraprælinn og minnst á samskonar mót árið áður. Ennfremur gefið í skyn, hvaða matur verði á borðum eða eins og orðrétt segir:

„Vestfirðingamót  
all-mikið verður haldið í Hótel Reykjavík  
laugardaginn 21. þ.m. (þorraprælinn) kl. 8 ½ e.h.  
Verður þar fyrst neitt kvöldverðar af íslenskum mat,  
líkt og í fyrra-veitur. Ræður fluttar, kvæði sungin,  
hljóðfærsláttur. Síðan stigin dans.  
Aðgöngumiðar fást í Bókverzlun Ísafoldar og  
Sigfúsar Eymundsen. Líka hjá Jóni Halldórssyni  
Skólavörðustíg 6 B, til 19. þ.m. og kosta: 2 kr. 75  
fyrir manninn.  
Fyrir hönd nefndarinnar.  
Jón Halldórsson“

...segir svo síðar í kaflanum hvar vitnað er í Jón Eyþórsson veðurfræðing. Í útvarpsspjalli sínu „Um daginn og veginn“ 20. mars 1939 dregur hann hugleiðingar sínar saman á þessa leið:

“Ég hef talið það þess virði að eyða nokkrum orðum að þessum gömlu sveitasiðum, sem nokkur erfðavenja fylgir. Og ég held, að það væri vel farið, að vetrarsamkomur yrðu sem víðast upp teknar í sambandi við hinar fornu mánaðakomur. Með slíkum samkomum mundu vaxa upp fastar venjur, sem smám saman breytast í erfðavenjur, þegar tímar líða. Og fólkið þarf ekki síður að lyfta sér upp í strjálbýlinu heldur en þar, sem þéttbýlir ríkir. Þjóðlíf okkar er yfirleitt fátækt að erfðavenjum, mun fáskrúðugra heldur en hjá frændþjóðum okkar. Við höfum verið fljóttir að kasta fyrir borð og gleyma þeim erfðavenjum, sem við áttum og stundum reynt að taka upp útlendar erfðavenjur í staðinn, en þær lognast ýmist út af vegna okkar staðhátta eða hafa ekki ennþá runnið okkur svo í merg og bein, að þær hafi fengið þjóðlegan blæ eða framkalli ósjálfrátt þjóðlegt bergmál í hugum okkar.”

Úr bókinni Þorrablót á Íslandi e. Árna Björnsson.  
Örn og Örlýgur 1986, bls. 86-89

## Þorrablót á Hótel Klaustri

Þorrablót verður haldið á Hótel Klaustri laugardaginn 18. febrúar 2006.  
Nánari upplýsingar á hótelinu í síma: 487 4900.

Bestu kveðjur, Kalli og Svana